

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2024
E-2024-044/00.11

Áform um breytingu á raforkulögum (raforkuöryggi)

Vísað er til máls nr. S-13/2024 sem auglýst er til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Er hér um að ræða lið í aðgerðum til að auka raforkuöryggi á Íslandi en fagnaðarefni er að það mikilvæga málefni sé nú í brennidepli stjórnvalda. Til að stuðla að raforkuöryggi er nauðsynlegt að brugðist sé við með lagabreytingum sem tryggja markvissari umgjörð. Landsvirkjun telur að hér sé um jákvætt skref að ræða og þakkar tækifærið til umsagnar.

Í gögnum máls eru reifuð helstu breytingaráform og eru þau eftirfarandi:

- Söluaðilar tryggja sér tiltekið magn raforku til almennra notenda fram í tímann í hlutfalli við magn viðskipta. Hlutfall orku sem söluaðilar tryggja sér fari minnkandi fram í tímann.
- Framleiðendur tryggja framboð í samræmi við það magn sem söluaðilum ber að tryggja sér.
- Framkvæmd á kerfisþjónustu og kaupum á flutningstöpum er til skoðunar með það að markmiði hvort stuðla megi að auknum fyrirsjáanleika.
- Ráðstafanir til að styðja við endurkaup raforku.

Fyrstnefndu þrír liðirnir hér að ofan fela allir í sér aukinn fyrirsjáanleika þegar kemur að öflun raforku, hvort sem er til almennra nota, kerfisþjónustu eða flutningstapa. Landsvirkjun hefur áður reifað hugmyndir í þessa veru og telur að þess háttar auknar kröfur til fyrirtækja yrðu til bóta. Slíkar kröfur auka vissu um að raforka til áðurnefndra nota verði raunverulega til staðar þegar hennar er þörf. Slíkar kröfur ættu einnig að draga fram í sviðsljósið, fyrr heldur en ella, ef útlit er fyrir þrengingar í framtíð. Landsvirkjun telur mikilvægt að við nánari útfærslu þessara áforma verði horft til þess að tryggja sem besta samfellu við núverandi stöðu á markaði, að gætt verði að núverandi langtímaskuldbindingum fyrirtækja og að tryggt verði að áfram verði farið vel með náttúruauðlindir.

Liður fjögur hér að ofan fjallar um hvernig styðja mætti við endurkaup raforku frá núverandi notendum, ekki síst stórnotendum raforku, ef tryggja þarf nægt raforkuframboð til annarra notenda. Í áformaskjali er minnst á erlend dæmi í þá veru að kerfisstjóri flutningskerfis fari með frekara hlutverk og geri valréttarsamninga á markaðsforsendum við stórnotendur um að þeir dragi úr notkun við krefjandi aðstæður. Slíkar markaðslausnir eru algengar á erlendum raforkumörkuðum og er almennt vísað til þessa sem „Demand Side Response“. Landsvirkjun telur áhugavert að kanna möguleika á að útfæra slíka lausn á Íslandi og telur ekki óeðlilegt að Landsneti yrði þá falið það hlutverk að gera slíka valréttarsamninga. Við framkvæmd slíkrar lausnar á Íslandi þyrfti að hafa í huga að stórnotendur eru fáir á Íslandi. Sé tekið tillit til takmarkana flutningskerfis raforku fækkar enn aðilum í þeim hópi sem geta dregið úr notkun þegar þess er þörf.

Landsvirkjun vill halda því til haga að mikill munur er annars vegar á slíkum miðlægt stýrðum valréttarsamningum og hins vegar því að veita stórnotendum raforku leyfi til frjálsrar endursölu. Raforkusamningar við stórnotendur á Íslandi fela almennt í sér ákvæði um sveigjanleika beggja aðila, t.d. vegna náttúrulegra sveiflna í vatna- og veðurfari og/eða áskorana í rekstri. Reynslan sýnir að bæði framleiðendur raforku og stórnotendur nýta þennan sveigjanleika. Undir óbreyttum samningum felur frjáls endursala stórnotenda því t.d. í sér hættu á því óæskilega háttalagi að stórnotendur leggi inn stærri pantanir, innan núgildandi samninga, án þess að þeir ætli sér að nýta sér þá raforku og einungis til að selja hana áfram með auðveldum og áhættulitlum hagnaði. Endursala stórnotenda á raforku tryggir ekki að viðkomandi stórnotandi dragi úr raforkunotkun. Kynni slíkt fyrirkomulag þvert á móti að vinna gegn markmiðum um aukið raforkuöryggi almennings, t.d. ef þeir stórnotendur myndu í raforkuskorti taka upp á því að nýta sveigjanleika

núgildandi raforkusamninga til að selja til annarra stórnotenda.

Raforkuöryggi er Landsvirkjun hugleikið og hefur fyrirtækið undanfarin ár tekið virkan þátt í vinnu stjórnvalda við að hanna umgjörð um raforkuöryggi á Íslandi. Fyrirtækið tók t.a.m. virkan þátt í vinnu starfshóps sem skilaði af sér skýrslu um orkuöryggi á heildsölumarkaði fyrir raforku í ágúst 2020 og aftur í vinnu starfshóps um orkuöryggi sem skilaði af sér tillögum til ráðherra um ýmsar úrbætur á regluverki í júní 2022. Landsvirkjun er hér eftir sem áður tilbúin að aðstoða stjórnvöld við frekari útfærslu umgjarðar um raforkuöryggi á Íslandi. Í þeirri vinnu hvetur fyrirtækið stjórnvöld áfram til að horft verði sérstaklega til eftirfarandi atriða:

- Að horfa til erlendra fyrirmýnda og að inngrip stjórnvalda gangi ekki lengra en þörf krefur.
- Að fyrirkomulag raski ekki samkeppni og að hugað sé að almennum jafnræðisreglum.
- Að vel sé farið með auðlindir og að fyrirkomulag tryggi að orkuauðlindum sé ekki sóað.
- Að lágmarka kostnað sem óhjákvæmilega fylgir því að tryggja orkuöryggi.

Að lokum vill Landsvirkjun benda á mikilvægi þess að í áframhaldandi vinnslu þessa máls verði áhrif lagabreytinga metin vandlega t.d. hvað varðar kostnað og samfellu við Evrópulöggjöf.

Virðingarfyllt,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Tinna Traustadóttir
Framkvæmdastjóri sölu og þjónustu